

FJARSKIPTATÆKNI

LEIÐ AÐ FARSÆLUM AKSTRI

GAGNASÖFNUN UM BÍLA OG AKSTURSHEGÐUN

Hópbílar hf. hafa ávallt haft það að markmiði að bjóða upp á góða þjónustu, hæfa og vel þjálfaða bílstjóra og góðar rútur með öllum helstu þægindum og öryggi.

Í samvinnu við danska fyrirtækið Traffilog Nord hefur fjarskiptatækni nú verið sett í bifreiðar okkar sem gerir okkur kleift að safna gögnum sem flytjast í miðlægt stjórnerfi. Ítarleg skoðun fór fram til þess að finna hentugasta aðilann með skilvirkasta kerfið, sem mætir best þörfum okkar og okkar viðskiptavina. Við höfum því samið við Traffilog Nord, sem er leiðandi í framleiðslu og þjónustu alþjóðlegra og háþróaðra tæknikerfa, sem fellur einnig vel að yfirlýstri stefnu okkar í umhverfis- og öryggismálum.

Gagnasöfnunin er mikilvægur þáttur sem fer vel með áherslum okkar á heilsu og öryggi ásamt umhyggju gagnvart starfsfólki okkar. Það helst í hendur við skilvirkni og öryggi í akstri ásamt faglegri kostnaðarrýni.

Fjarskiptakerfi bifreiða notar GPS staðsetningarkerfi (Global Positioning System), sem svipar til Sat Nav tækis, til þess að fylgjast með og skrá upplýsingar um bifreiðina. Upplýsingar flytjast þaðan í miðlægan gagnagrunn.

Úr kerfinu er hægt að sækja frammistöðuskýrslur sem verða tiltækar fyrir bílstjóra og stjórnendur. Gögnum um bifreið, staðsetningu hennar og frammistöðu bílstjóra verður safnað úr kerfinu.

Kerfið verður kynnt sérstaklega á fundum með bílstjórum í október en einnig munu fulltrúar frá Traffilog Nordic verða með kynningarfund í nóvember.



Í fréttabréfinu

Fjarskiptatækni—leið að farsælum akstri	1
Bætt aksturshegðun—betri akstur	2
Faglegar framfarir	2
Stöðug endurgjöf	2
Af hverju fjarskiptatækni í okkar bíla	3
Á ferð með Hópbílum.....	3
Akstursvísir.....	4
Traffilog Nord.....	4





BÆTT AKSTURSHÉGÐUN – BETRI AKSTUR

Eitt af markmiðum með innleiðingu á rafrænu fjarskiptakerfi er yfirsýn yfir aksturshegðun hvers bílstjóra. Aksturshegðun bílstjóra er ólík og mismunandi og því verða lausnir og viðbrögð við upplýsingum um aksturshegðun persónubundin.

Þannig myndast heildaryfirsýn yfir allan akstur þar sem fylgst er með bremsun, hröðun í akstri, kröppum beygjum ásamt fjölda atvika og heildarkílómetrafjölda hvers ökumanns.

Fjarskiptakerfið býr til skýra mynd af skilvirkni og öryggi hvers bílstjóra í akstri.

FAGLEGAR FRAMFARIR

Við hjá Hópbílum höfum bæði trú og væntingar til bílstjóra okkar. Með innleiðingu fjarskiptatækni í alla bíla fáum við upplýsingar um allan akstur hvers bílstjóra.

Frammistöðusamtal við hvern bílstjóra mun því stuðla að faglegum framförum hvers bílstjóra og þar með bílstjórahópsins alls.

STÖÐUG ENDURGJÖF

Um leið og gagnasöfnun eykst skapast meiri möguleikar á faglegu frammistöðusamtali við bílstjóra. Hægt verður að kalla eftir og prenta út frammistöðu bílstjóra, sjá hvaða þættir ganga vel, hvaða þættir fara vel með bílinn en eins hvaða þættir það eru sem þarf að laga. Í framhaldinu getur hver bílstjóri sett sér ný markmið fyrir akstur sem framundan er. Frammistöðusamtal er síðan endurtekið en þar er farið yfir „nýjustu tölur“ og hvernig markmiðssetning hefur gengið eftir.

Þannig veitum við því athygli hvaða bílstjórar sýna svokallaðar „lykilframmistöður“ (KPI) sem auðveldar okkur að nýta hæfileika, þekkingu og reynslu slíkra bílstjóra til að miðla til annarra bílstjóra. Frammistöðumælingar snúast um að sýna fram á mjúkan og þægilegan akstur og lítinn lausagang okkar bíla sem fellur einstaklinga vel að þeim umhverfissjónarmiðum sem Hópbílar standa fyrir.

Mjúkur og vel þjálfaður akstur minnkar þar með útstreymi gróðurhúsalofttegunda og gerir allan akstur jarðvænni.

Lykilþættir hringrásarinnar, sem sjá má hér til hliðar eru því:

- ⇒ Lykilframmistaða(KPI)—að veita framúrskarandi akstri athygli
- ⇒ Frammistöðumæling—að mæla ýmsa þætti í akstri hvers bílstjóra
- ⇒ ECO markþjálfun—að gera bílstjóra meðvitaða um jarðvænan akstur
- ⇒ CO2 loftvog—að gera bílstjóra meðvitaða um að þægilegur akstur minnkar útstreymi gróðurhúsalofttegunda.



AF HVERJU FJARSKIPTATÆKNI Í OKKAR BÍLA?

- ⇒ Uppfylla öryggisstaðla og fylgja lögum og reglugerðum.
- ⇒ Auka öryggi bílstjóra og farþega.
- ⇒ Minnka hættur á vegum með gagnarýni í upplýsingar um bíla og aksturshegðun bílstjóra.
- ⇒ Styður við áherslur okkar á hugmyndafræði vistaksturs og fyrirmyndarbílstjóra.
- ⇒ Bæta eignastýringu og viðhald.
- ⇒ Að auki mun fjarskiptatækni styðja framtíðar möguleika okkar þar sem við á og þarf.

Í hverja bifreið fer:

- ⇒ „Svartur kassi“ til mælinga á öryggisatvikum.
- ⇒ Lesari sem tilgreinir hver ökumaðurinn er.
- ⇒ Kerfi (akstursvísir) sem er meðvitað um aðgerðir ökumanns (DMAS) og hugsað til þess að veita ökumanni endurgjöf.

ÖRYGGI OG UMHVERFISHUGSJÓN ERU MIKILVÆGIR ÞÆTTIR Í ÖLLU STARFI HÓPBÍLA



Á FERÐ MEÐ HÓPBÍLUM

Hópbílar hf. var stofnað árið 1995. Fyrirtækið hefur ávallt haft það að markmiði að bjóða upp á góða þjónustu, hæfa og vel þjálfaða bílstjóra og góðar rútur með öllum helstu þægindum og öryggi.

Helstu verkefni Hópbíla hf. eru tengd ferðaþjónustu og öllum þeim sem vilja ferðast, fyrirtækjum sem og einstaklingum. Hópbílar sjá um skólaakstur og frístundaakstur fyrir Hafnarfjarðarbæ en einnig akstur fyrir eldri borgara og akstur fatlaðra á höfuðborgarsvæðinu undir nafninu Akstursþjónusta Hópbíla. Allur akstur fyrir starfsmenn Alcan er hjá okkur. Þá sjá Hópbílar um utanbæjarakstur fyrir hönd Strætó Bs.

Öryggi er veigamikill þáttur í starfsemi Hópbíla. Árið 2014 var innleitt vottað öryggisstjórnunarkerfi samkvæmt alþjóðastaðlinum OHSAS 18001, nú ISO 45001. Staðallinn gerir ríkar kröfur á félagið varðandi öryggismál og forvarnir þeim tengdum. Öryggisbelti eru í hverju sæti, bílar fara í reglubundið eftirlit og eru útbúnir með tilliti til aðstæðna hverju sinni.

Umhverfismál eru mikilvægur þáttur í stefnumörkun og starfsemi Hópbíla. Árið 2003 var félagið með fyrstu fyrirtækjum á Íslandi til að innleiða vottað umhverfisstjórnunarkerfi samkvæmt alþjóðastaðlinum ISO 14001 og frá árinu 2020 hefur allur rútubílaakstur, þar með talið skóla- og frístundaakstur verið kolefnisjafnaður í samstarfi við Kolvið. Hópbílar aka einnig á Biodísel eldsneyti sem mengar minna og smyr mun betur en venjuleg dísilólía.





AKSTURSVÍSIR

Akstursvísir (DMAS) gefur til kynna hvernig farþegar upplifa aksturshæfni bílstjórans. Það mun endurspeglast í þeirri endurgjöf sem Traffilog veitir, jafnt endurgjöf sem veitt er jafnóðum sem og síðar.

Upplýsingar sem við fáum gefa til kynna hvort akstur bílstjóra sé þægilegur (mjúkur), öruggur og skilvirkur eða ekki.

Hvað sýnir akstursvísir (DMAS) okkur?

Þegar bílstjóri ræsir bílinn – kviknar blátt LED ljós.

Þegar atvik á sér stað (skyndileg beygja, skyndileg bremsun eða skyndileg hröðun) kemur ljós á akstursvísinn. Sá litur sem birtist á akstursvísi gefur til kynna alvarleika og skilvirkni akstursatviks.

Í lok ferðar þegar slökkt hefur verið á bifreið mun akstursvísir senda frá sér tvö hljóðmerki og birta útkomu ferðarinnar.



TRAFFILOG NORD

Traffilog var stofnað árið 2005 af Karsten W. Hjorth og gekk fyrst undir nafninu North Securities. Nafninu var breytt í Traffilog Nordic árið 2014 eftir að fyrirtækið færði út kvíarnar, aðallega til Ísrael og stofnað þar Traffilog Ltd, sem í dag heitir Questar Auto.

Í dag vinnur Traffilog Nordic með lausnir í 16 löndum í Evrópu, Norður Ameríku og Afríku. Traffilog Nordic þjónustar m.a. fyrirtæki í hópferðum, almenningsamgöngum, sjúkrahjónustu, sorphirðu og námuvinnslu og tilgangurinn ávallt sá sami, að innleiða "græna hugsun" og auka skilvirkni við flotastjórnun.

Í gildum fyrirtæksins er m.a. fjallað um:

- ⇒ Skuldbindingu við viðskiptavini
- ⇒ Sameiginlega ábyrgð á aukin gæði starfseminnar
- ⇒ Viðskiptavina-miðuð gildi og fyrirbyggjandi hugarfar allra aðgerða
- ⇒ Virðingu og traust milli fyrirtækis og viðskiptavina
- ⇒ Jákvætt hugarfar gagnvart nýjum hugmyndum og reynslu viðskiptavina

Hópbílar hf.
Melabraut 18
220 Hafnarfirði

Umsjón, skrif og ábyrgð:
Leifur S. Garðarsson
Verkefnastjóri
leifur@hopbilar.is

